

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, miðbær Selfoss – dælustöð við Ölfusá.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 4. desember 2024 breytingu deiliskipulags miðbæjar Selfoss, Tryggvatorgs og Árbakkasvæðis. Breytingin tekur til vestasta hluta gildandi deiliskipulags þar sem afmörkuð er 334 m² lóð fyrir nýja dælustöð fyrir vinnslu og dælingu jarðhitavatns úr borholu SE45. Svæðið er um 0,37 ha að stærð.

Ofangreind breyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 7. maí 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. maí 2025